

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025,
Merkilandstún á Selfossi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. september 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2005-2025 frá 23. mars 2006.

Breytingin felst í því að opið óbyggt svæði, austan Austurvegar 66 á Selfossi, breytist og verður hluti af stærra svæði sem skilgreint er blandað verslunar-, þjónustu- og athafnasvæði. Breytinga-
svæðið afmarkast af Austurvegi í norðri, Gaulverjabæjarvegi í austri, athafnasvæði hestamanna í
suðri og Austurvegi 66 ásamt lóð BYKO við Langholt í vestri. Gert er ráð fyrir vegtengingu
svæðisins við Gaulverjabæjarveg. Hámarks nýtingarhlutfall fyrir svæðið í heild er 0,5.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og
byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 4. september 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 18. september 2009